

nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Efnisbreyting 7. gr. c-liðs öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.*

**F. h. r.**  
**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 23,05 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 52,56 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- c. Vatnsgjald kr. 3,30 pr. m<sup>3</sup>.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 54,70 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.*

**F. h. r.**  
**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977,  
með síðari breytingum.**

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 648,20 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 2,75 á ári pr. m<sup>3</sup>. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og véla-